



Nefndasvið Alþingis
Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 5. desember 2002

Tilvísun: HÍ02110085/004

Umsögn Háskóla Íslands um frumvörp til laga: 1) um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, 357. mál, þskj. 394, 2) um Vísinda- og tækniráð, 336. mál, þskj. 366 og 3) um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 345. mál, þskj. 381

Vísað er til sameiginlegs bréfs þriggja fastanefnda Alþingis, dags. 21. nóvember síðast liðinn, þar sem Háskóla Íslands eru send til umsagnar þrjú frumvörp til laga um málefni vísindarannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar, sem flutt eru endurskoðuð frá síðasta þingi.

Háskóli Íslands tekur undir þá áherslu á vísindarannsóknir, vísindamenntun, tækniþróun og nýsköpun sem frumvörpin þrjú bera með sér. Allstór skref eru þar stigin til þess að efla þátttöku stjórnvalda í stefnumörkun á afar mikilvægu sviði og vilji stendur greinilega til þess að skapa heilsteypnan ramma um vísinda- og tæknistarfsemi í landinu. Áréttað er að sá rammi hlýtur ætíð að byggjast á óskráðum meginreglum vísindasamfélagsins, fyrst og fremst þeim:

- að vísindamenn hafi frelsi til þess að einbeita sér að þeim rannsóknum sem þeir telja mestu skipta,
- að opinber stuðningur við verkefni grundvallist ávallt á gæðum verkefna og faglegu mati á hæfni þeirra sem stunda rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun og
- að þekking og sjónarmið innan vísindasamfélagsins séu ráðandi þáttur við þróun þess.

Í umsögn sinni um frumvörpin þrjú, eins og þau lágu þá fyrir Alþingi síðast liðið vor, benti Háskóli Íslands mjög eindregið á að frumvörpin gengju ekki nógu langt til þess að skapa heilsteypnan ramma um íslenska vísinda- og tæknistarfsemi og var lagt til að frumvörpin þrjú yrðu endurskoðuð og felld saman í almenna rammalöggjöf. Þá var í bréfi dags. 5. apríl 2002 (sjá hjálagt afrit) einkum bent á eftirfarandi atriði sem endurskoða þyrfti:

1. Hvernig skipan Vísinda- og tækniráðs væri háttað, sbr. 3. gr. frumvarps um það efni.
2. Að Tækjasjóði væru ætlaðar tekjur af einkaleyfisgjaldi, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. frumvarps um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.
3. Að starfandi yrðu tvær aðskildar undirnefndir Vísinda- og tækniráðs, sbr. 4. gr. frumvarps um ráðið.
4. Að starfandi yrðu tvær aðskildar þjónustuskrifstofur fyrir vísindarannsóknir og nýsköpunarstarfsemi sbr. 2. og 3. gr. frumvarps um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun og III. kafla frumvarps um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Endurskoðuð frumvörp sem nú hafa verið lögð fyrir Alþingi sýna, að ekki hefur verið komið nægjanlega til móts við framangreindar tillögur og athugasemdir þrátt fyrir itarlegan

rökstuðning. Til þess að meginmarkmið frumvarpanna þriggja nái fram að ganga - að tengja sem nánast vísindarannsóknir, tæknipróun og nýsköpun - er nauðsynlegt að stjórnsýsla og stofnanapáttur frumvarpanna sé á sömu hendi. Augljós hagkvæmnisrök mæla einnig með þeirri leið og í framkvæmd er til staðar nægjanlegur sveigjanleiki til þess að ein sameiginleg stofnun geti átt samstarf um verkefni við öll hlutaðeigandi ráðuneyti.

Háskóli Íslands er ein af undirstöðustofnunum íslensks samfélags og gegnir lykilhlutverki í menntun ungra vísindamanna. Háskólinn sinnir rannsóknum á fjölmörgum fræðasviðum í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir og í fjölþjóðlegu samstarfi. Leiðandi framlag hans til vísinda og fræða á Íslandi er óumdeilt og forsenda þess að ná megi markmiðum frumvarpanna þriggja. Því verður að telja í hæsta máta eðlilegt að skipan Vísinda- og tækniráðs taki mið af þessu, með því að háskólarektor eigi fast sæti í ráðinu. Ennfremur að háskólastigið eigi fimm fulltrúa í ráðinu, þar af a.m.k. þrjá frá Háskóla Íslands. Með þessu móti er tryggt að skipan ráðsins endurspegli meginþætti í íslensku háskólasamfélagi.

Háskóli Íslands leggur mikla áherslu á að þingnefndir taki þessi atriði til frekari umfjöllunar við afgreiðslu umræddra þingmála. Í fylgiskjali með bréfi þessu eru tillögurnar settar fram sem breytingar á einstökum frumvarpsákvæðum.

Virðingarfyllt



Páll Skúlason,
háskólarektor

Tillögur Háskóla Íslands um breytingar á þremur frumvörpum til laga um málefni vísindarannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar (fylgiskjal með bréfi háskólarektors til þriggja fastanefnda Alþingis dags. 5. desember 2002)

A. Frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, 357. mál, þskj. 394

a) Gerð er tillaga um að 3. gr. orðist svo: *Fjármögnun Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs*. Rannsóknasjóður og Tækjasjóður eru fjármagnaðir með fjárveitingum eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum hvers árs. Aðrar tekjur sjóðanna eru gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum eða önnur framlög.

Skýring:

Í upphaflegu frumvarpi sagði í skýringum við 3. gr. að gert væri ráð fyrir því að Tækjasjóður hefði sömu tekjur og Bygginga- og tækjasjóður hefur skv. lögum nr. 61/1994. Í 15. gr. þeirra laga eru fjárveitingar á fjárlögum taldar upp sem tekjur sjóðsins og er eðlilegt að það ákvæði sé tekið upp í frumvarpið enda segir m.a. í umsögn fjármálaráðuneytisins um hið endurskoðaða frumvarp, að tekjustofnar sjóða skv. 3. gr. breytist ekki.

b) Gerð er tillaga um að III. kafli orðist svo: **Rannsókn- og nýsköpunarmiðstöð Íslands**. 10. gr. *Hlutverk*.

Rannsókn- og nýsköpunarmiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra. Hlutverk hennar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Í því felst að:

1. Annast umsýslu Rannsóknasjóðs, Tækjasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs sem heyrir undir menntamálaráðherra.
2. Annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðherra.
3. Annast umsýslu annarra sjóða samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.
4. Annast þjónustu við fagráð og stjórnir framangreindra sjóða.
5. Annast gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð og nefndir þess um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í landinu; afla upplýsinga og gagna varðandi þróun vísinda og tækni á alþjóðavettvangi.
6. Gangast fyrir mati á árangri rannsókna, þróunar og nýsköpunar í landinu með reglulegum hætti og taka þátt í fjölþjóðlegum samanburðarathugunum á því sviði fyrir hönd Íslands þegar þess er óskað.
7. Annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu fyrir almenning.
8. Annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu innan lands og utan um rannsóknarverkefni og nýsköpun fyrir atvinnulífið.
9. Starfrækja frumkvöðlasetur í samræmi við reglur sem iðnaðarráðherra samþykkir og annast miðlun hvers konar hagnýtrar þekkingar um stofnun og rekstur fyrirtækja.
10. Beita sér fyrir hagnýtingu vísindalegrar þekkingar og auknu þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja.
11. Hafa samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir eða skrifstofur og fylgjast með þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu vísindastarfi.
12. Sinna öðrum verkefnum sem menntamálaráðherra felur stofnuninni. Þá á stofnunin samstarf við önnur ráðuneyti og tekur að sér verkefni á sviði vísinda- og tæknimála fyrir þau samkvæmt samkomulagi.

11. gr. *Forstöðumaður*.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Rannsókn- og nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við og ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar. Menntamálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

Skýring:

Til þess að meginmarkmið frumvarpanna þriggja nái fram að ganga - að tengja sem nánast saman vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun - er nauðsynlegt að stjórnvísing og stofnanabáttur frumvarpanna sé á hendi einnar og sömu stofnunarinnar, sem lagt er til að heiti Rannsóknna og nýsköpunarmiðstöð Íslands sbr. tillögu að skipuriti sem sett var fram í bréfi Háskóla Íslands til þingnefnda dags. 5. apríl 2002 (sjá hjálagt afrit). Augljós hagkvæmnisrök mæla einnig með þeirri leið og í framkvæmd er til staðar nægjanlegur sveigjanleiki til þess að slík stofnun geti átt samstarf um verkefni við öll hlutaðeigandi ráðuneyti.

B. Frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð, 336. mál, þskj. 366

a) Gerð er tillaga um að 3. gr. orðist svo:

Forsætisráðherra skipar 15 menn í Vísinda- og tækniráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila:

- a. Tvo samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins,
- b. þrjú samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands,
- c. tvo samkvæmt Alþýðusambands Íslands,
- d. tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
- e. einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra,
- f. einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra,
- g. einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra,
- h. einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra,
- i. einn samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
- j. einn samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra.

Auk framangreindra skulu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og mennta málaráðherra eiga föst sæti í ráðinu og ennfremur rektor Háskóla Íslands. Þar að auki skal forsætisráðherra vera heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn.

Forsætisráðherra er formaður ráðsins.

Skýring:

Háskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í menntun ungra vísindamanna á Íslandi og sinnir rannsóknnum á fjölmörgum fræðasviðum í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir og í fjölþjóðlegu samstarfi. Framlag Háskóla Íslands er því verulegt til þess að ná megi markmiðum frumvarpsins um Vísinda- og tækniráð og eðlilegt að skipan ráðsins taki mið af því.

b) Gerð er tillaga um að 4. gr. orðist svo:

Vísinda- og tækniráð velur fulltrúa til setu í vísinda- og tækninefnd úr hópi þeirra sem skipaðir eru skv. 1. mgr. 3. gr. Hver fulltrúi hefur sinn varamann. Nefndin kys sér formann og varaformann.

c) Í samræmi við þessa breytingu er lagt til að í stað orðanna „vísindanefnd og tækninefnd“ í niðurlagi 2. gr. komi: vísinda- og tækninefnd.

d) Ennfremur að 5. gr. orðist svo: Forsætisráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og tækniráðs og vísinda- og tækninefndar.

Skýring:

Það fyrirkomulag að hafa tvær sjálfstæðar nefndir sem fjalla um stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum í umboði Vísinda- og tækniráðs stangast á við þau meginmarkmið frumvarpanna þriggja sem áður hafa verið nefnd. Rétt er að minna á að við gerð frumvarpanna hefur bersýnilega verið tekið mið af finnskum lögum en fyrirkomulagið þar í landi þykir hafa gefið einstaklega góða raun. Ef fylgja á fordæmi Finna er lykilatriði að tengja saman á öllum stigum stefnumörkun og framkvæmd varðandi grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf. Í frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð er það best gert með því að ein og sama nefndin undirbúi mál undir umfjöllun ráðsins.

C. Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 345. mál, þskj. 381

a) Gerð er tillaga um að 2. og 3. gr. frumvarpsins falli brott, sbr. umfjöllun um III. kafla frumvarps um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

b) Gerð er tillaga um að í stað orðanna „Rannsóknamiðstöð Íslands“ í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, komi: Rannsókn- og nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Br. lykill:	004	Abm.:	RK
Fskj.:	1		
Móttekið:	08 APR. 2002		
Bókað:	<input type="checkbox"/>	Másnr.:	#102030025

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík 5. apríl 2002

Umsögn Háskóla Íslands um frumvörp til laga:

1. Um opinberan stuðning við vísindarannsóknir,
2. Um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins,
3. Um vísinda- og tækniráð.

Háskóli Íslands hefur fengið til umsagnar þrjú frumvörp um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, vísindamenntun, tækniþróun og nýsköpun. Háskólinn fagnar þeirri áherslu sem lögð er á vísindarannsóknir og tækniþróun með því að færa umfjöllun og stefnumótun um þessi mál á efsta stig stjórnsýslunnar. Vakin er athygli á að ekki virðist skýrt af framlögðum frumvörpum með hvaða hætti stjórnvöld hyggjast hafa aukin áhrif á vísindarannsóknir og tækniþróun í landinu með virkari þátttöku sinni í stefnumótun og stjórnun þessa málaflokks. Varað er við því að stjórnvöld beiti áhrifum sínum til að þrengja val vísindamanna á viðfangsefnum og skerða þannig frelsi þeirra til að einbeita sér að rannsóknum sem þeir telja mestu skipta.

Háskóli Íslands fagnar fyrirhugaðri sameiningu Vísindasjóðs og Tæknisjóðs í einn heildstæðan rannsóknasjóð. Eldra skipulag byggði á úreltum aðskilnaði milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Með einum Rannsóknasjóði er gerð áhugaverð tilraun til að draga úr þessum aðskilnaði, ekki síst þar sem annar nýr sjóður, Tækniþróunarsjóður, sinnir tækniþróun og nýsköpun. Umsjón með þessum sjóðum þarf þó að vera á einni hendi svo sem vikið verður að síðar.

Miklu máli skiptir að opinber stuðningur grundvallist ávallt á gæðum verkefna og faglegu mati á hversu líklegir þeir einstaklingar, sem verkefnin vinna, eru til að ná viðurkenndum árangri í rannsóknum eða tækniþróun.

Þá segir sig sjálft að æskilegt er að fulltrúar í Vísinda- og tækniráði búi yfir staðgóðri reynslu og menntun á sviði vísinda og tækni.

Frumvörpunum þremur er ætlað að mynda ramma um vísinda- og tæknistarfsemina í landinu. Þau mynda þó ekki eina samfellda heild og er þá sérstaklega átt við frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Í því eru t.d. ákvæði (2. gr.) um innri starfsemi tiltekinnar rannsóknastofnunar. Slíkt ákvæði á fremur heima í lögum eða reglum um viðkomandi stofnun en í almennri rammalöggjöf um vísindi og tækni.

Háskóli Íslands leggur því til að lagt verði fram eitt heilsteypt frumvarp til almennrar rammalögjafar fyrir vísinda- og tæknistarfsemina í landinu. Háskólinn telur skynsamlegt að Alþingi gefi sér tíma til þeirrar vinnu í sumar og lýsir sig reiðubúinn til að leggja málinu það liðsem hann getur.

Háskóli Íslands vill þó gera nokkrar breytingatillögur við frumvörpin eins og þau eru nú.

1. Vísinda- og tækniráð

Samkv. 3. gr. frumvarps til laga um Vísinda- og tækniráð tilnefni samstarfsnefnd háskólastigsins fjóra fulltrúa. Háskóli Íslands er langstærsti háskóli landsins og sá eini sem talist getur rannsóknaháskóli samkvæmt alþjóðlegum viðmiðunum. Háskólinn gegnir lykilhlutverki í menntun ungra vísindamanna og er eina stofnunin sem sinnir rannsóknum á fjölmörgum fræðasviðum. Þessi sérstaða Háskóla Íslands er ekki viðurkennd í frumvarpinu.

Háskóli Íslands leggur eindregið til að rektor Háskóla Íslands verði fastafulltrúi í Vísinda- og tækniráði. Jafnframt tilnefni Háskóli Íslands þrjá fulltrúa í ráðið og aðrir fulltrúar í samstarfsnefndinni tvo.

2. Tekjur Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs

Í 2. tl. 1. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er gert ráð fyrir því að tekjur Rannsóknasjóðs séu meðal annars tekjur af einkaleyfum. Háskóli Íslands vekur athygli á því að ekki er hægt að taka mögulegan fjárhagslegan hagnað af einkaleyfum frá höfundi hugverks og þar með handhafa hagnýtingarréttarins nema í frjálsum samningum eða með breyttum lögum um hugverkaréttindi.

Í 1. tl. 2. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er gert ráð fyrir því að tekjur Tækjasjóðs verði áfram einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta.

Háskóli Íslands leggur eindregið til að þetta ákvæði verði fellt niður enda greiðir Happdrætti Háskóla Íslands, eitt peningahappdrætta, umrætt einkaleyfisgjald.

3. Vísinda- og tækninefnd

Í 4. gr. frumvarps til laga um Vísinda- og tækniráð er kveðið á um sjö manna vísindanefnd og jafn stóra tækninefnd. Þetta fyrirkomulag, að hafa tvær sjálfstæðar nefndir, stangast á við meginmarkmið frumvarpanna sem er að brúa bilið milli grunnrannsókna annars vegar og hagnýtra rannsókna og þróunar hinsvegar, samanber sameiningu Vísindasjóðs og Tæknisjóðs. Rétt er að minna á að við gerð frumvarpanna hefur bersýnilega verið tekið mið af finnska vísinda- og tæknikerfinu sem náð hefur einstaklega góðum árangri, einmitt með því að tengja saman grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þróun.


Háskóli Íslands telur óhjákvæmilegt að stofnuð verði ein nefnd, Vísinda- og tækninefnd, svo unnt sé að ná fram markmiðum frumvarpanna.

4. Sameiginleg skrifstofa þjónustumiðstöðvar og nýsköpunarmiðstöðvar

Með sömu rökum og gerð var grein fyrir í lið þrjú hér að framan stangast það á við meginmarkmið frumvarpanna að tvær þjónustuskrifstofur hafi umsjón með stjórnsýslu samkvæmt frumvörpunum. Eigi að takast að tengja saman grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þróun er mikilvægt að ein skrifstofa annist stjórnsýsluna auk þess sem augljós hagkvæmnisrök mæla með þeirri leið.

Háskóli Íslands leggur því eindregið til að þessar skrifstofur verði sameinaðar en það mun þá leiða til þess að sami aðilinn sinni öllum sjóðunum, sbr. meðfylgjandi skipurit.

Virðingarfyllst



Páll Skúlason
rektor Háskóla Íslands

Fylgiskjal – Tillaga að nýju skipuriti

